



Fundur hreppsnefndar 10. maí 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 10. maí 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Einar Björn Kristbergsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 26. apríl sl.
Fundargerð hreppsnefndar frá 26. apríl sl. lögð fram.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð fræðslunefndar 2. maí sl.
Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 2. maí sl.
Hreppsnefnd tekur undir með fræðslunefnd um það að árhátíð skólans hafi tekist með afbrigðum vel.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. mál. Framkvæmdir í vegamálum.-Staða mála- Gerð verður grein fyrir fundi með vegamálastjóra. Gerð grein fyrir áætluðum framkvæmdum í vegamálum í Vopnafirði. Fram kom að fyrirhugað er að Vegagerðin vinni sjálf að lokafrágangi við veg niður Vesturárdal. Næstu daga á að bjóða út nýja innkomu í þéttbýli Vopnafjarðar. Í þriðja lagi kom fram að ákveðið hefur verið að bjóða út svokallaða Millidalaleið. Unnið er að gerð endanlegra útoðsgagna í þeim efnum. Þegar þeirri vinnu verður lokið verður verkið boðið út.
Hreppsnefnd fagnar því að ákveðið hefur verið að vinna þessi verk með ofangreindum hætti.

4. mál. Tilboð í verkið "Vopnafjörður, flotbryggjur" Bréf Siglingastofnunar frá 3. maí sl.
Eitt tilboð barst í verkið og var það frá fyrirtækinu Króla ehf. að fjárhæð 30.714.817 kr.
Kostnaðaráætlun var að fjárhæð 32.195.040 kr. Tilboðið er því 95,4 % af kostnaðaráætlun. Búið er að yfirfara tilboðið.

Lögð fram drög að verksamningi við Króla ehf. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn. Málinu að öðru leyti vísað til hafnarnefndar.

5. mál Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 26. apríl sl., varðandi stofnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði.

Lagt fram bréf Mennta og menningarmálaráðuneytisins frá 26. apríl sl., varðandi stofnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði.

Í bréfinu varpar ráðuneytið fram ýmsum spurningum sem óskað er svara á.

Samþykkt að fela sérstakri nefnd Vopnafjarðarhrepps um stofnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði að svara erindinu í samráði og samvinnu við oddvita sveitarstjórnar.

6. mál. Tengihús við tanka, jarðvinna, uppsteypa og frágangur.- Verksamningur-

Eitt tilboð barst frá Steiney ehf. að fjárhæð 6.351.000 kr. Kostnaðaráætlun var 5.625.000kr.

Tilboðsfjárhæð var því 112,9 % miðað við kostnaðaráætlun. Samningar náðust milli aðila um að verkið lækkaði niður í 5.986.500 kr., sem er 6,4 % yfir kostnaðaráætlun. Verksamningur er að fjárhæð 5.707.500 kr., þegar dregin hafa verið frá aukaverk verka- og iðnaðarmanna samtals að fjárhæð 171.000 kr.

Hreppsnefnd samþykkir verksamninginn samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál. Tilboð í lagnaefni, mæla og tæki, vegna vatnsveituframkvæmda.

Lögð fram tilboð í lagnaefni og mæla fyrir Vatnsveitu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og lagði til að tekið yrði tilboði frá Vatnsvirkjanum í rör og lagnaefni samtals að fjárhæð um 1.930 þús. kr. og frá Varma og Vélaverk í mæla og geislatæki samtals að fjárhæð tæpar 3.000 þús. kr.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum. Sveitarstjóra falið að ganga frá málum.

8. mál. Fundur með Ríkisstjórn Íslands 8. maí á Egilsstöðum. Gerð verður grein fyrir fundinum.- Umræðuefni m.a.; sjá meðfylgjandi minnisblað.

Oddviti gerði grein fyrir fundi með Ríkisstjórn Íslands, sem haldinn var á Egilsstöðum 8. maí sl., en á fundinn mættu fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps oddviti og sveitarstjóri. Gerði oddviti grein fyrir helstu málefnum, sem rædd voru á fundinum.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fagnar þessu framtaki Ríkisstjórnarinnar og vonast til að með þessu sé verið að stíga skref í þá átt að Ríkisstjórnin fundi reglulega á landsbyggðinni.

9. mál. Læknisleysi og heilsugæslumál á Vopnafirði. Gerð verður grein fyrir fundi sveitarstjóra með Velferðarráðherra 4. maí sl.

Gerð var grein fyrir fundi sem sveitarstjóri átti með Velferðarráðherra um þessi mál. Ennfremur var og ítrekað að þessi mál hefðu verið reifuð á Ríkisstjórnarfundi á Egilsstöðum 8. maí sl.

Óskað hefur verið eftir fundi með forsvarsmönnum HSA þar sem farið verður yfir mögulegar lausnir í þessu máli og leitað framtíðarlausnar á rekstrarvanda hjúkunarheimilisins að Sundabúð.

10. mál. Fundur með Iðnaðarráðherra 4. maí sl., varðandi olíumál og Norðurishafssiglingar. Gerð verður grein fyrir fundinum.

Föstudaginn 4. maí sl., fékkst fundur með Iðnaðarráðherra varðandi þjónustu sveitarfélaganna Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggð við olíuleit á Drekasvæðinu. Samhliða þessu var farið yfir hugmyndir um að þjónusta í framtíðinni svokallaðar Norðurishafssiglingar með því að bjóða upp á trausta umskipunarhöfn í Finnafirði undir Gunnólfsvíkurfjalli í Langanesbyggð.

Talsverð vinna hefur átt sér stað með tilstyrk Iðnaðar- og utanríkisráðuneytis, Siglingastofnunar, Orkustofnunar og viðkomandi sveitarfélaga, ásamt verkfræðistofum, sem sérstaklega hafa verið ráðnar til verka í þessum efnum.

Hugmyndir þessar fengu góðar viðtökur í ráðuneytinu og var ákveðið að vinna áfram að framgangi þessara mála og stofna sérstakan starfshóp í því sambandi.

11. mál. Grímstaðir á Fjöllum, staða mála.

Gerð var grein fyrir vinnu, sem í gangi hefur verið varðandi samningagerð o.fl. varðandi kaup sveitarfélaga á Norð-Austurlandi á 72,19 % alls lands á Grímstöðum á Fjöllum.

Sérstakur fundur um þessi mál verður haldinn á morgun föstudaginn 11. maí 2012 að Heiðarbæ í Reykjahverfi.

Samþykkt að sveitarstjóri mæti á fundinn fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð stjórnar skólaskrifstofu Austurlands frá 2. maí sl.

Hreppsnefnd samþykkir heimild um ráðningu sálfræðings sem getið er um í 3. tl. fundargerðarinnar og einnig um rekstrarleigu vegna endurnýjunar á tölvubúnaði.

Í 2. tl fundargerðarinnar er rætt um framtíðarskipulag Skólaskrifstofu Austurlands. Greinargerð um þessi mál mun koma til umfjöllunar í fræðslunefndum sveitarfélaganna og sveitarstjórnnum.

Ofangreind málsmeðferð var síðan samþykkt samhljóða.

b) Fundargerð stjórnar hafnarsambands Íslands frá 23. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

c) Bréf Vegagerðarinnar frá 4. maí sl., varðandi viðhald girðinga meðfram vegum í sveitarfélaginu. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50